



21.04.2021

Til fulltrúa í fulltrúaráði Háskóla- og Háskólaseturs Vestfirðna ses

Aðalfundur fulltrúaráðs 6. maí 2021 – FUNDARBOÐ

Staður: Vegna samkomutakmarkana hefur verið ákveðið að halda aðalfund á netinu eins og gert var í fyrra, í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Ekki þarf að skrá sig í þetta kerfi eða hlaða neinu niður, heldur einungis smella á tengil sem fylgir þessu fundarboði. Fulltrúar sem eiga erfitt með að tengjast eða geta af einhverjum ástæðum ekki tekið fund að heiman eru beðnir um að hafa samband við forstöðumann eða ritara Háskóla- og Háskólaseturs.

Dagskrá

- 13:00 Aðalfundur
1. Skýrsla stjórnar
 2. Afgreiðsla reikninga
 3. Fjárhagsáætlun
 4. Kosning stjórnarmanna
Stjórn
Formaður fulltrúaráðs (á ekki við 2021)
 5. Kjör skoðunarmanna eða endurskoðenda
 6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar
 7. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá og starfsháttum
 8. Inntaka nýrra aðila
 9. Ákvörðun um gjald nýrra aðila
 10. Önnur mál

Engar tillögur um breytingar á skipulagsskrá liggja fyrir nú, þegar fundarboðið er sent út. Haft hefur verið samband við nokkur fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög og látið vita að hægt sé að gerast aðili að Háskóla- og Háskólasetrinu á aðalfundi. Útlit er fyrir að a.m.k. ein umsókn um aðild muni vera lögð fyrir fundinn.

Við vonumst til þess að fulltrúar sem flestra stofnaðila sjái sér fært að mæta á aðalfund Háskóla- og Háskólasetursins. Vinsamlegast athugið að það er sent boðsbréf á hverja stofnun, stílað á aðalfulltrúa. Látið gjarnan sjálf varamenn vita ef aðalmenn geta ekki mætt. Ef stofnanir/fyrirtæki tilkynna ekki um breytingar á fulltrúum göngum við út frá þeim fulltrúalista, sem liggur fyrir. Fundarboðið er einnig sent út netleiðis á aðalfulltrúa og auglýst í vefmiðli.

Vinsamlegast staðfestið móttöku fundarboðs hjá reception@uw.is eða í síma 450 3000.

Fundurinn er í þetta skipti ekki opinn gestum til þess að auka líkurnar á að fjarfundurinn gangi hnökralaust fyrir sig.

Vinsamlegast smellið á eftirfarandi tengil til að tengjast zoom-fjarfundakerfinu.

<https://eu01web.zoom.us/j/68157330800>

Dóra Hlín Gísladóttir
Formaður fulltrúaráðs

Harpa Gímsdóttir
Formaður stjórnar

Peter Weiss
Forstöðumaður